

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið

01.04.2004

MINNISBLAÐ UM AÐGERÐIR Í LYFJAMÁLUM VEGNA FJÁRLAGA ÁRSINS 2004

Ráðuneytið hefur á undanförunum mánuðum kannað ýmsar leiðir til að sporna við útgjaldaaukningu vegna lyfjakostnaðar. Í byrjun ársins var kynnt sérstakt átak í lyfjamálum heilbrigðisstofnana sem einkum snýr að vali lyfja, innkaupum og útboðum. Þetta átak er liður í langtímaáætlun ráðuneytisins í lyfjamálum en á næstu mánuðum og misserum er ætlunin að endurmeta alla helstu þætti lyfjamála og heildarstefnu í málaflokknum. Við það endurmat mun væntanleg skýrsla Ríkisendurskoðunar um málaflokkinn verða lögð til grundvallar.

Til skemmri tíma og til að standast áætlun fjárlaga yfirstandandi árs þar sem gert er ráð fyrir um 450 m.kr. sparnaði hefur hins vegar verið ákveðið að grípa til eftirfarandi aðgerða:

Lækkun lyfjaverðs.

Lyfjaverðsnefnd hefur að undanförunu unnið að athugun á lyfjaverði og mun væntanlega innan tíðar kynna breytingar á álagningu og verðlækkun á einstökum lyfjum.

Analog-viðmiðunarverð

Frá 1. maí n.k. verður tekið upp viðmiðunarverð lyfja með sambærileg klínísk meðferðaráhrif í þremur kostnaðarsömustu lyfjaflokkunum, þ.e. sýrubindandi lyf (A 02), blóðfitulækkandi lyf (C 10) og þunglyndislyf (N06A). Tryggingastofnun ríkisins mun miða greiðsluþátttöku sína við þessi viðmiðunarverð með svipuðum hætti og nú gildir um viðmiðunarverð samheitalyfja.

Breyting á reglugerð um greiðsluþátttöku almannatrygginga í lyfjakostnaði með gildistöku 1. maí n.k.

Breytingin hefur eftirfarandi í för með sér:

- Hætt verður almennri greiðsluþátttöku í eftirfarandi lyfjum:
 - M 01 AH Coxib
 - N 06 B Örvandi lyf

Eftir sem áður verður hægt að sækja um greiðsluþátttöku almannatrygginga í ofangreindum lyfjum til TR sem þá gefur út lyfjaskírteini að gefnum ákveðnum forsendum.

- Felld verður niður 30 daga takmörkun á ávísunum sýrubindandi lyfja og þunglyndislyfja.
- Heimil verður útgáfa skírteina sem veitir greiðsluþátttöku almannatrygginga í vítamínum fyrir börn yngri en 18 ára með efnaskiptasjúkdóma þegar vítamínin eru hluti af lífsnauðsynlegri meðferð og fyrir börn yngri en 18 ára með alvarlegan frásogsvanda sem leiðir til þess að þau þurfi mjög aukið magn vítamína

Breyting á lyfjalögum.

Lagt verður fram frumvarp til laga um breytingu á lyfjalögum þar sem m.a. er gert ráð fyrir sameiningu tveggja nefnda, lyfjaverðsnefnd og greiðsluþátttökunefnd, með það að markmiði að einfalda og styrkja stjórnsýsluna. Í frumvarpinu er einnig að finna ákvæði um heimild Lyfjastofnunar til útgáfu markaðsleyfis fyrir lyf sem ekki er sótt um markaðsleyfi fyrir en af lýðheilsuástæðum er talin þörf á.

